

Gjaldskrá
fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps 2016

1.gr

Vatnsgjald er **0,25%** af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, þó að hámarki 55 þúsund og að lágmarki 33.000 þúsund krónur.

Vatnsgjald atvinnuhúsnaðis skal vera 0,15% af fasteignamati þó að lágmarki 65 þúsund.

Vatnsgjald sumarhúsa skal vera 33.000 krónur.

2.gr.

Lágmarksheimæðagjald vatnsveitu í þéttbýlinu við Flúðir er kr. 218.928 m.v. 25 mm þvermál rörs og allt að 25 metra lengd heimæðar. Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfrítt dýpi frá tengistað við lóðamörk að inntaksstað mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekið út af starfsmönnum veitunnar. Miðast skal við að lengd heimæðar fari ekki yfir 25 m. Umfram 25 m. greiðist viðbótargjald.

Heimæðargjaldið hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

Þvermál rörs	Verð	Verð á metra umfram 25 m.
25 mm	218.928	3.681
32 mm	295.326	3.809
40 mm	383.910	5.414
50 mm	518.293	5.999
63 mm	725.585	6.672
70 mm	1.052.098	7.464

3.gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal auk vatnsgjalds greiða sérstakt gjald notkunargjald. Notkunargjald skal notandi að jafnaði greiða samkvæmt notkun vatns mældri í rúmmetrum. Notkunargjald er **26 kr/m³**

Fyrir rennismæla skal greidd mælaleiga á ári eftir stærð mælis:

15 mm	8.882 kr
20 mm	9.044 kr
25 mm	11.642 kr
32 mm	13.036 kr
50 mm	19.198 kr
80 mm	50.249 kr

4.gr.

Stofngjöld utan þéttbýlis skal reikna sérstaklega og miðast við að þau standi undir þeim kostnaði sem við verkið hlýst. Landeigandi greiðir þann kostnað sem hlýst af tengingu kalds vatns inn á svæðið- eða að býli.

Að auki skal landeigandi greiða kr. 28.120 kr á skipulagða lóð og lögbýli skal greiða 135.026 kr Við upphaf verksins skal greiða 65% af kostnaðaráætlun verksins og 35% greiðist þegar lagningu er lokið.

5.gr.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

6.gr.

Gjaldskrá þessi og reglur voru samþykktar af Veitustjórn Hrunamannahrepps þann 26. október 2015 og sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 5. nóvember 2015 í samræmi við heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu og þá fellur úr gildi gjaldskrá vatnsveitu í Hrunamannahreppi nr. 1072/2014.

Hrunamannahreppur 7. desember 2015



Sveitarstjórnin í
Hrunamannahreppi.

Jón G. Valgeirsson
sveitarstjóri